

Stjórnarfundur STEFs 13. ágúst 2020

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 13. ágúst 2020 og hófst hann kl. 11:00.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar 5. júní var samþykkt, sem og útdráttur.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Umsögn STEFs um drög að reglugerð um *Sinfóníuhljómsveit Íslands*
- b. Frétt *Morgunblaðsins* um innheimtu STEFs v. COVID 19
- c. Frétt *Fréttablaðsins* um lokun fyrir danska tónlist á *YouTube*
- d. Nýjar verklagsreglur *Nótnasjóðs* og *Upptökusjóðs*
- e. Samningur við Þjóðkirkjuna

Undir þessum lið kom fram það sjónarmið, að um sé að ræða tímamótasamning, en mikilvægt sé að endurskoða hann reglulega í framtíðinni. Það ástand sem hafi áður ríkt varðandi greiðslur fyrir kirkjulegar athafnir hafi verið óásættanlegt og látið viðgangast í allt of langan tíma.

- f. Greinargerð STEFs til IHM vegna úthlutunar fyrir eintakagerð til einkanota

Greinargerðin var send stjórn einnig á milli funda til upplýsingar.

- g. Rannsókn á tónlist í íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni
- h. Staða sölu- og innheimtudeildar STEFs 31. júlí 2020

3. Skýrsla um áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf og annað er tengist áhrifum COVID-19.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Áhrif COVID19 á íslenskt tónlistarlíf (stjórn hafði einnig fengið skýrsluna senda til sín á milli funda)
- b. Upplýsingar um fund ríkisstjórnarinnar 11. ágúst 2020
- c. Tillögur tónlistargeirans m. kostnaðarmati

Nokkrar umræður urðu almennt um stöðuna og næstu skref. Stjórnin er ánægð með skýrsluna og þá umfjöllun sem hún hefur fengið, en tónlistargeirinn er eini geirinn sem hefur lagt í jafn vandaða og mikla vinnu til að koma á framfæri stefnumálum sínum. Samstarfshópurinn sem stóð að skýrslunni hefur átt fundi með mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur og atvinnuvega- sem og með nýsköpunarráðherra Þórdísi Kolbrúnu Reykafjörð. Ljóst er að næstu mánuðir verða mjög erfiðir fyrir tónlistargeirann og því mikilvægt að halda áfram þrýstingi á ríkisstjórnina.

Upplýst er um fyrirhugaða stofnun nýrra samtaka FSST (Félags sjálfstætt starfandi tónlistarfólks), sem vill knýja stjórnvöld um aðgerðir til að styðja við þennan hóp. Rætt er um að mikilvægt sé að tónlistargeirinn komi áfram fram sem einn aðili gagnvart stjórnvöldum og nýtt sé sú mikla vinna sem lagt hefur verið í nú þegar, t.a.m. með útgáfu ofangreindrar skýrslu.

Mælst er til þess að STEF minni á að enn standi meðlimum til boða staðlaðar fyrirframgreiðslur vegna COVID-19 til meðlima.

4. Tillaga jafnréttisnefndar STEFs að „mentor-prógrammi“

Tillagan var kynnt stjórn, sem leist vel á hugmyndina. Spurt var hvort vitað væri hver reynslan er að sambærilegum verkefnum. Upplýst var að verkefnið taki að einhverju leyti mið af velheppnuðu verkefni *Yrkja* með *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, svo og erlendum verkefnum sem voru m.a. kynnt framkvæmdastjóra á fundi CISAC um konur í tónlist. Töldu fundarmenn mikilvægt að greiða leiðbeinendum sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu sína og var ákveðið að hækka fyrirhugaða greiðslu. Einnig var nefnt að gott væri ef styrktaraðilar kæmu að þessu verkefni og að gætt yrði að stílrænni breidd í vali á þátttakendum. Var samþykkt að efna til verkefnisins.

5. Ný verðskrá fyrir streymi af tónleikum

Lögð voru fram drög að nýrri verðskrá fyrir streymi af tónleikum. Um er að ræða tímabundna verðskrá vegna COVID-19. Nokkrar umræður urðu um málið. Var verðskráin samþykkt með minniháttar breytingum og tekur hún þegar gildi.

6. NordicLA lagahöfundabúðir

Lögð var fram kynning á lagahöfundabúðunum, ásamt afriti tölvupósts framkvæmdastjóra og skipuleggjenda. Framkvæmdastjóri hafði kynnt þetta verkefni fyrir stjórn á milli funda.

Fram kom að Hildur Kristín og Kría höfðu sótt lagahöfundabúðir NordicLA fyrir tveimur árum á vegum ÚTÓN og hafði þá tekist mjög vel til. Ljóst er að það nást ekki sömu persónulegu tengingar með lagahöfundabúðum sem eru eingöngu á netinu, engu að síður vill stjórn STEFs standa að verkefninu, enda mikilvægt á þessum tímum að geta stutt við verkefni sem geta leitt til aukinna tekna tónhöfunda af streymi erlendis frá.

7. Önnur mál

- a. Tillaga að breytingu dagsetningar stjórnarfundar frá 25. til 23. september 2020. Var samþykkt.

- b. Tillaga að breyttri dagsetningu stjórnarfundar, frá 21. apríl til 20. apríl 2021.
Var samþykkt.
- c. Dagsetning skemmtunar fulltrúaráðs.
Ákveðið var að biðja með að bjóða til skemmtunarinnar sem fyrirhuguð er 26. september, með tilliti til sóttvarnarreglna, en miðað við núgildandi reglur væri ekki forsvaranlegt að standa fyrir boðinu.
- d. Ákveðið er að biðja Eið Arnarson að halda fræðsluerindi á jólafundi fulltrúaráðsins um streymismarkaðinn.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi slitið kl. 13:00